

Gos í Eyjafjallajökli - staða 2. maí 2010 kl. 21.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: MJR / MTG / FS / BO / SSJ / SH

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum frá Vodafone, Mílu og Múlakoti, upplýsingum frá vísindamönnum við Gígjökul.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Gosmökkur í 4–5,4 km (13–18.000 ft) við Eyjafjallajökull, metið af vefmyndavélum og mælingum á jörðu niðri. Lægri öskuský lágu suðaustur af gosstöðvum. Veðursjá í Keflavík greindi ekki gosmökk.

Stefna: Suðaustur af gosstöðvum. Merki um mökkinn greinast í að minnsta kosti 200 km fjarlægð á gervihnattamyndum. (MODIS mynd kl. 12:35 og EUMETSAT kl. 17:15).

Litur: Dökkgrá öskuský yfir gosstöðvum. Hvítir gufustrókar rísa norður af gosstöðvum.

Gjóskufall: Öskufall undir Eyjafjöllum, m.a. í Vík (40 km suðaustur af Eyjafjallajökli kl. 12:00).

Eldingar: Engar (18:00 GMT).

Drunur: Drunur heyrast við Eyjafjöllin, í allt að 40 km fjarlægð.

Athugasemd: Hvítan gufumökk leggur niður Gígjökul. Efsti hluti makkarins merkir stöðu hrauns og þeir neðri rísa upp af heitu bræðsluvatni. Mælingar úr flugvél um 470 km suðaustur af landinu (60° N, 16° W) greindu öskuský í 3–3.3 km hæð (10,000–11,000 fetum).

Bræðsluvatn: Fram til kl. 16 var rennsli í Markarfljóti (18 km frá Gígjökli) minna en í gær. Milli kl. 16 og 17 jókst rennsli tímabundið og var svipað og í fyrri flóðum þann 30. Apríl. Eftir klukkan 19:40 sýnir vefmyndavél gufuský við jaðar Gígjökuls. Gufur rísa jafnframt upp af aurunum fyrir framan jökuljaðarinn og gefa þannig til kynna heitt bræðsluvatn

Aðstæður á gosstað: Sprengivirkni virðist heldur hafa aukist enda gosmökkur dekkri og meiri um sig undanfarna tvo til þrjá daga en var vikuna á undan. Jafnframt hefur gjóskufall aukist í nágrenni eldfjallsins. Upphleðsla klepragígs heldur áfram. Hraun rennur frá gígnum til norðurs og fer mestur hluti af orku þess í að bræða ís. Gjá umhverfis hraunið lengist til norðurs. Mikinn gufumökk leggur af hrauninu.

Órói: Gosrói hefur aukist síðusu 30 klukkustundir. Aukningin gæti verið vegna samspils íss og hrauns í Gígjökli, eða breytinga í gosrás.

Jarðskjálftar: Engir við Eyjafjallajökul.

GPS-aflögun: Sig og láréttar hreyfingar inn að miðju Eyjafjallajökuls. Á síðustu 2-3 dögum hefur andsig hefur aukist á mælistöðvum næst gosstöðvum. Mælingar eru í samræmi flæði kviku úr hólfi undir Eyjafjallajökli, en munstur jarðskorpuhreyfinga hefur þó breyst nokkuð frá því sem verið hefur í gosinu.

Kvikflæði: Sjá heildarmat.

Annað: Engin merki um breytingar undir Kötlu. Minnt er á að hætta stafar af gasi við Gígjökul.

Heildarmat: Gosið er blandgos, þar sem hraungosið er meira en sprengigosið. Gosmökkur hefur verið dekkri og meiri um sig undanfarna tvo til þrjá daga en var vikuna á undan. Jafnframt hefur gjóskufall aukist í nágrenni eldfjallsins. Á sama tíma hefur hraun haldið áfram að renna til norðurs. Miðað við stöðu gufumakkarins sem rís frá hrauninu þar sem það mætir ísnum, var jaðar þess um miðjan dag í um 850 m hæð á Gígjökli, um 3 km norðan gígsins. Gufumekkir frá jökuljaðri kl. 19:40 benda til að hraun hafi jafnvel náð lengra. Erfitt er að leggja mat á hraunrennslið. Gróf ágiskun á flæði hrauns er 20 m³/s eða 50 tonn/s, og er matið byggt á lengd og breidd hraunstraums (stærð sigkatla) í Gígjökli annarsvegar og rennsli vatns hinsvegar. Gjóskugosið er talið vera mun minna, 10-20 tonn/s. Virkni sprengigossins hefur heldur aukist undanfarna sólarhringa, en óljóst er hvort hraunflæðið hefur aukist. Ekkert bendir til gosloka.